

Hvannavallareitur

Innsendar athugasemdir og umsagnir

Innkomnar umsagnir

Nafn	Umsögn	Tillaga að svari
Festi hf.	<p>1. Telur óljóst hver áhrif hringtorgs verður á lóð Tryggvabraut 3.</p> <p>2. Ekki er gerð grein fyrir því í tillögu með hvaða hætti umferð fer frá hringtorgi inn á lóðina.</p> <p>3. Lóðin mun skerðast auk þess að umferð frá hringtorgi muni hafa áhrif á legu og nýtingu lóðar.</p> <p>4. Krafist er skaðabóta ef deiliskipulagið verði samþykkt.</p>	<p>1. – 4. Þar sem Festi hf. er bæði eigandi lóðarinnar sem verið er að skipuleggja og Tryggvabrautar 3 verður gerður samningur milli Akureyrarbæjar og Festis hf. um útfærslu þeirra atriða sem fram koma í athugasemdinni.</p>
Höldur ehf.	<p>1. Mótmælt er skerðingu á lóð Tryggvabrautar 5 vegna nýs hringtorgs</p> <p>2. Mótmælt er skerðingu lóðarinnar Tryggvabrautar 10 sem mun fela í sér fækkun bílastæða við norðurhlíð húss.</p>	<p>1. Unnið verður að samkomulagi við lóðarhafa Tryggvabrautar 5 til að koma til móts við skerðingu lóðarinnar vegna fyrirhugaðs hringtorgs.</p> <p>2. Ekki er hægt að koma í veg fyrir skerðingu á lóðinni Tryggvabraut 10 þar sem taka þarf frá pláss fyrir hringtorg ásamt tilheyrandi göngu- og hjólastíg.</p>
Klappir	<p>1. Gerð er athugasemd við færslu á inn- og útkeyrslu frá lóðinni inn á Hvannavelli þar sem slík breyting felur í sér skerðingu á nýtingu lóðarinnar og fækkun bílastæða.</p> <p>2. Ef deiliskipulagið verður samþykkt verður farið fram á bætur fyrir bílastæði sem tapast. Er gerð krafa um að Akureyrarbær greiði 11 milljónir fyrir tap á þeim 8 bílastæðum sem tapast.</p>	<p>1. Færsla tengingarinnar er talin nauðsynleg til að auka umferðaröryggi á svæðinu vegna nálægðar við gatnamót Hvannavalla og Furuvalla.</p> <p>2. Akureyrarbær mun leita samninga við lóðarhafa um sanngjarnt afgjald fyrir það land sem verður tekið undir nýja innkeyrslu.</p>
Minjastofnun	<p>Minjastofnun tekur undir það álit sem kemur fram í drögum að húsakönnun að varðveita braggana tvo sem á lóðinni eru en gerir að öðru leiti ekki athugasemd við tillöguna.</p>	<p>Akureyrarbær mun ekki krefjast þess að braggarnir verði varðveittir eða reyna að finna nýjan stað fyrir þá. Er því ekki sett nein kvöð á lóðarhafa um að braggarnir verði fluttir en ekki rifnir niður.</p>
Norðurorka	<p>1. Hitaveita – líklega þarf að færa lögnina ef hús verður rífið og nýtt byggt í staðin.</p>	<p>1.-4. Gert er ráð fyrir að allar framkvæmdir við veitur og lagnir á svæðinu verði unnar í samráði</p>

	<p>2. Vatnsveita – Brunahani er við endann á Glerárgötu 36 sem líklega þarf að færa.</p> <p>3. Fráveita – koma þarf fyrir tveimur brunnnum við útkeyrsluna við Hvannavelli og færa þarf niðurföll.</p> <p>4. Rafveita – 200 metrar eru í næstu dreifistöð sem þarf að grafa að til þess að koma fyrir sverari strengjum.</p> <p>5. Ef færa þarf lagnir fellur sá kostnaður á þann sem óskar eftir breytingunni.</p>	<p>Lóðarhafa, Akureyrarbæjar og Norðurorku.</p> <p>5. <i>Unnið verður í samræmi við Reglur um lagnir í landi Akureyrarkaupstaðar sem samþykktar voru í bæjarstjórn 18. september 2018.</i></p>
Hverfisnefnd Oddeyrar	<p>1. Telur óheppilegt að fara í niðurrif á Glerárgötu 36 þar sem eigendur séu búnir að endurgera húsið.</p> <p>2. Tryggja þarf að umferð leiti ekki niður á Eyrarveg heldur verði beint á Trygvabraut.</p>	<p>1. Deiliskipulagið felur í sér heimild til að rífa núverandi hús til að hægt verði að byggja nýtt til samræmis við önnur hús sem liggja við Glerárgötu.</p> <p>2. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að ekki verði hægt að fara frá verslunum á lóðinni inni á hvannavelli (einstefna) sem ætti að minnka líkurnar á að umferð leiti niður á Eyrarveg.</p>
Vegagerðin	<p>1. Sýna skal veghelgunarsvæði á uppdrætti.</p> <p>2. Vegagerðin tekur ekki í kostnaði við hljóðvarnir þar sem gert er ráð fyrir blandaðri nýtingu á efri hæðum.</p> <p>3. Æskilegt er að hafa einfalda tengingu frá Hvannavöllum inn á lóð Glerárgötu 36.</p> <p>4. Mælt er með að tenging vð Hvannavelli inn á lóð Glerárgötu 36 sé leyst um sameiginlega tvístefnutengingu fyrir norður- og suðurhluta lóðar Glerárgötu 36.</p>	<p>1. Verður sett inn á skipulagsuppdrátt.</p> <p>2. Gerð verður krafa um að hljóðvarnir verði leystar með útfærslu á byggingunum sjálfum.</p> <p>3.-4. Ekki náðist samkomulag við báða lóðarhafa um sameiginlega tvístefnutengingu fyrir norður- og suðurhluta lóðarinnar og þess vegna varð niðurstaðan eins og hún er. Í deiliskipulaginu er nú einnig gert ráð fyrir að lóðarhlutunum verði skipt í tvær sjálfstæðar lóðir.</p>